

Föstudaginn 24. mars 1995.

Nr. 89/1995.

Íslandsbanki hf.

(Bjarni Ásgeirsson hrl.)

gegn

Djúpbátnum hf.

(Valgarð Briem hrl.)

og

Djúpbáturinn hf.

gegn

Íslandsbanka hf. og

Skipasmíðastöðinni Dröfn hf.

Kærumál. Þinglýsing.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 7. mars 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 13. sama mánaðar. Kæruheimild er í 5. mgr. 3. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978, sbr. 1. gr. laga nr. 6/1992. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 24. febrúar 1995, þar sem hafnað er kröfu varnaraðilans, Djúpbátsins hf., um, að veðskuldabréf, út gefið 28. maí 1993 af Fjörunesi hf. til handhafa, að fjárhæð 1.000.000 krónur, skuli afmáð úr þinglýsingabók, en þinglýsingarstjóra gert að skrá athugasemd á eignina um, að varnaraðilinn, Djúpbáturinn hf., hafi ekki samþykkt veðsetninguna.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði breytt á þann veg, að fellt verði niður lokaákvæði hans þess efnis, að skrá skuli um það athugasemd á eignina, að varnaraðili hafi ekki samþykkt veðsetninguna. Sóknaraðili krefst að auki málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðilinn, Djúpbáturinn hf., kærði einnig sama úrskurð fyrir sitt leyti 10. mars 1995. Kæra hans barst Héraðsdómi Reykjaness

sama dag. Krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og breytt á þann veg, að þinglýsingarstjóra verði með úrskurði gert skylt að afmá veðskuldabréfið frá 28. maí 1993 úr þinglýsingabók. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar óskipt úr hendi varnaraðila.

Skipasmíðastöðin Dröfn hf. hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 24. febrúar 1995.

I.

Dómkröfur aðila.

Mál þetta, sem varðar ágreining við þinglýsingu, var þingfest 14. febrúar 1995 og tekið til úrskurðar 20. sama mánaðar.

Sóknaraðili, Djúpbáturinn hf., kt. 500169-2659, Aðalstræti 1, Ísafirði, gerir þá kröfu, að hnekkt verði þeirri ákvörðun þinglýsingarstjórans í Hafnarfirði frá 17. janúar 1995, að skuldabréf, út gefið 28. maí 1993 af Fjörunesi hf. til handhafa, að fjárhæð 1.000.000 króna, sem hvílir á 3. veðrétti farþegaskipsins Fjörunes, skipaskrárnúmer 0046, verði ekki afmáð úr þinglýsingabókum og að þinglýsingarstjóra verði með úrskurði gert skylt að afmá skjalið. Þá er þess krafist, að varnaraðilum verði gert að greiða sóknaraðila málskostnað að mati dómsins.

Varnaraðilar, Íslandsbanki hf., kt. 421289-5069, Kringlunni 7, Reykjavík, og Skipasmíðastöðin Dröfn hf., kt. 500169-7109, Strandgötu 75, Hafnarfirði, krefjast þess aðallega, að máli þessu verði vísað frá dómi, en til vara, að framangreind ákvörðun þinglýsingarstjóra frá 17. janúar 1995 verði staðfest. Þá krefjast varnaraðilar málskostnaðar úr hendi sóknaraðila að mati dómsins.

Af hálfu sýslumannsins í Hafnarfirði hefur verið gerð sú krafa, að umdeild ákvörðun hans verði látin standa óhöggúð.

II.

Málsatvik.

Með kaupsamningi, dags. 8. janúar 1993, keypti Fjörunes hf. af sóknaraðila farþegaskipið Fagranes, skipaskrárnúmer 0046, og var kaupverð

5.700.000 krónur. Átti að greiða það með skuldabréfum, samtals að fjárhæð 4.263.750 krónur, tryggðum með 1. og 2. veðrétti í hinu selda, hlutabréfum í Fjörunesi hf., að fjárhæð 200.000 krónur, greiðslu skuldar við varnaraðila Skipasmíðastöðina Dröfn hf., að fjárhæð 472.500 krónur, og víxli, að fjárhæð 763.750 krónur, samþykktum af kaupanda, til greiðslu 8. september 1993. Afsal skyldi gefið út til kaupanda, þegar greiðsla samkvæmt víxli hefði verið innt af hendi, enda stæði kaupandi við efni samningsins að öðru leyti. Eftir umrædd kaup var nafni skipsins breytt í Fjörunes.

Hinn 26. apríl 1993 barst umræddur kaupsamningur sýslumanninum í Hafnarfirði til þinglýsingar, og næsta dag var skjalinu þinglýst á skipið. Við þinglýsingu, sem skráð er í tölvu, urðu þau mistök, að kaupsamningnum var þinglýst sem afsali, þannig, að þinglýsingarvottorð og þinglýsingaryfirlit greindu Fjörunes hf. þinglýstan eiganda skipsins.

Skuldabréf það, sem mál þetta lýtur að, var gefið út 28. maí 1993 af Fjörunesi hf. til handhafa, að fjárhæð 1.000.000 króna. Til tryggingar bréfi þessu er veittur 3. veðréttur í skipinu, en veðsetning þessi var hvorki samþykkt af sóknaraðila með áritun á bréfið né veðleyfi. Umrætt veðskuldabréf barst sýslumanninum í Hafnarfirði til þinglýsingar 4. júní 1993 og því þinglýst án athugasemda 7. sama mánaðar.

Með bréfi sóknaraðila til Fjörunes hf., dags. 25. apríl 1994, var lýst yfir riftun kaupsamnings um skipið Fjörunes, og voru ástæður riftunar tilgreindar stórfelldar vanefndir á greiðslu kaupverðs. Yfirlýsing þessi var móttækin til þinglýsingar 30. nóvember 1994 og þinglýst degi síðar.

Lögmaður sóknaraðila ritaði þinglýsingarstjóranum í Hafnarfirði bréf, dags. 1. desember 1994, þar sem þess var krafist, að afmáð yrði af skipinu skuldabréf á 3. veðrétti. Í kjölfar þessa ritaði þinglýsingarstjóri Fjörunesi hf. bréf, dags. 7. desember 1994, þar sem meðal annars var óskað eftir því, að gerð yrði grein fyrir heimild félagsins til að veðsetja skipið. Í bréfi lögmanns Fjörunes hf., dags. 11. janúar 1995, er svohljóðandi svar við fyrirspurn þessari:

„Hinn 8. janúar 1993 var stofnað hlutafélagið Fjörunesið, og meðal 5 stofnenda var Jóhannes Viðar Bjarnason og Djúpbáturinn hf. Tilgangur félagsins var ákveðinn útgerð, ferðapjónusta o. fl. Samhliða stofnun félagsins var gerður kaupsamningur milli hins nýstofnaða félags og Djúpbátsins hf. um kaup þess fyrrnefnda á skipinu Fagranesi. Þar sem ætlunin var að nýta skipið til mannfagnaða um borð, var nauðsynlegt að lagfæra og betrubæta ýmislegt í skipinu. Vegna þessa var leitað til Drafnar hf. til að annast það verk. Þar sem ekki var til nægjanlegt reidufé í upphafi reksturs, var samið við Dröfn hf., að fyrirtækið tæki sem greiðslu skuldabréf, að fjárhæð kr. 1.000.000,

tryggt með veði í skipinu. Vegna þessa var hið umdeilda veðskuldabréf gefið út. Meðan verið var að vinna við undirbúning skipsins fyrir sumarið, fylgdist Kristján Jónasson, fyrrum stjórnarformaður Djúpbátsins hf., sem nú er látinn, vel með og var í miklu sambandi við Jóhannes Viðar Bjarnason, sem kosinn var stjórnarformaður Fjörunesins hf. Kristján var meðvitaður um greinda veðsetningu, enda hefði skipið ekki fengist afhent frá Dröfn hf. nema með afhendingu veðskuldabréfsins. Varðandi undirritanir á veðskuldabréfið þá var Jóhannes í þeirri trú, að ekki væri þörf frekari undirritana, enda kom engin athugasemd frá sýslumanni við þinglýsingu skuldabréfsins. Hefði komið fram athugasemd frá sýslumanni um form eða vöntun á undirskriftum, hefði að sjálfsgöðu verið bætt úr því hið snarasta.“

Þinglýsingarstjórinn í Hafnarfirði tók ákvörðun í málinu 17. janúar 1995. Þar eru atvik málsins rakin, en síðan komist að svohljóðandi niðurstöðu: „Umdeilt veðskuldabréf verður ekki máð úr veðmálabók vegna framangreindra formgalla, sbr. einkum 27. gr. þinglýsingalaga.“

Með bréfi sóknaraðila, dags. 31. janúar 1995, sem barst 3. næsta mánaðar, var málinu skotið til dómsins. Afrit af þessu bréfi var sent þinglýsingarstjóranum í Hafnarfirði sem tilkynning, sbr. 3. mgr. 3. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978. Í málinu liggur fyrir, að umdeilt veðskuldabréf var afhent til greiðslu á skuld við varnaraðila, Skipasmíðastöðina Dröfn hf., sem síðan framseldi bréfið með sjálfskuldarábyrgð til varnaraðila, Íslandsbanka hf. Fjörunesi hf. var gefinn kostur á að koma á framfæri kröfum og athugasemdum, en félagið lét mál þetta sig ekki varða. Svo sem áður greinir, var málið þingfest 14. febrúar 1995 hér fyrir dóminum.

III.

Málsástæður aðila.

Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að engar lagalegar forsendur hafi verið eða séu til að þinglýsa umdeildu veðskuldabréfi á farþegaskipið Fjörunes án lögskilins samþykkis þinglýsts eiganda skipsins. Vísar sóknaraðili í þessu sambandi til 24. gr., sbr. 40. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978. Þá er því mótmælt, að einhverjar aðstæður heimili þinglýsingarstjóra að synja kröfu sóknaraðila á grundvelli 27. gr. sömu laga. Mistök sýslumannsembættisins við þinglýsingu kaupsamnings sem afsals séu sóknaraðila að sjálfsgöðu óviðkomandi.

Um kröfu um frávisun halda varnaraðilar, Íslandsbanki hf. og Skipasmíðastöðin Dröfn hf., því fram, að sóknaraðili hafi ekki freistað þess í upphafi að fá leiðréttingu mála sinna á grundvelli 27. gr. laga nr. 39/1978. Bréf sóknaraðila til sýslumannsins í Hafnarfirði, dags. 1. desember, þar sem

gerð sé krafa um, að skuldabréf á 3. veðrétti skipsins verði afmáð, sé ófullnægjandi í þessu sambandi. Til stuðnings frávísunarkröfu er jafnframt vísað til dóms Hæstaréttar Íslands frá 19. október 1989 í málinu nr. 361/1989 (Hrd. 1989, 1395).

Um þá kröfu varnaraðila, Íslandsbanka hf. og Skipasmíðastöðvarinnar Drafnar hf., að ákvörðun þinglýsingarstjóra frá 17. janúar 1995 verði staðfest, er vísað til þess, að óumdeilt sé, að vegna mistaka hafi kaupsamningi verið þinglýst á skipið sem afsali. Af þeim sökum hafi umdeilt veðskuldabréf fengist þinglýst á eignina án veðleyfis sóknaraðila. Umrætt skuldabréf sé að formi til fullnægjandi og þinglýsing þess sem slík fullkomlega eðlileg. Þótt eignarheimildin sé ógild, sé bréfið sjálft gilt, enda hvorki falsað né þannig úr garði gert, að ógildisreglur nái yfir það. Þá hafi varnaraðilar, Íslandsbanki hf. og Skipasmíðastöðin Dröfn hf., verið grandlausir um, að heimildarbréf útgefanda skuldabréfsins væri annmarka háð. Með vísan til 1. mgr. 33. gr. laga nr. 39/1978 þurfi varnaraðilar ekki að sæta þeirri mótbáru, að heimildarbréf útgefanda bréfsins sé ógilt. Enn fremur er því haldið fram, að vegna réttaröryggis sé nauðsynlegt, að viðskipti með veðskuldabréf njóti réttarverndar og að slík bréf verði ekki afmáð úr þinglýsingabókum.

Varnaraðilar, Íslandsbanki hf. og Skipasmíðastöðin Dröfn hf., vísa til þess, að ekki komi fram í gögnum málsins, hvernig riftun sóknaraðila á kaupsamningi við Fjörunes hf. um skipið hafi farið fram. Ekki verði séð, að við uppgjör hafi legið frammi veðbókarvottorð, og verði að telja, að sóknaraðili beri hallann af því, að við slíkt uppgjör hafi ekki verið tekið tillit til áhvflandi veðbanda. Tómlætissjónarmið leiði einnig til þessa, þar sem riftun var lýst yfir 25. apríl 1994, en ekki hafist handa um mál þetta fyrr en 1. desember sama ár. Vegna þessa heldur varnaraðili Íslandsbanki hf. því fram, að möguleiki til lagfæringar, sem ef til vill var áður, sé það ekki nú, þar sem varnaraðili Skipasmíðastöðin Dröfn hf. hafi fengið heimild til greiðslustöðvunar og gjaldþrotaskipti í kjölfar þeirrar heimildar séu ekki ólíkleg.

Varnaraðili Skipasmíðastöðin Dröfn hf. heldur því fram, að sóknaraðili hafi vitað eða mátt vita, að haldsréttur var í skipinu vegna viðgerða á vegum varnaraðila. Skuldabréf það, sem mál þetta lúti að, hafi verið gefið út til greiðslu þess kostnaðar, og því hafi skipið verið afhent Fjörunesi hf. Öll fjárhæð bréfsins hafi komið sóknaraðila að notum í endurbótum á skipinu, en ekki verði séð, að tekið hafi verið tillit til þess við riftun sóknaraðila á kaupsamningi við Fjörunes hf. um skipið. Verði skuldabréfið afmáð, leiði það til ólögmetrar auðgunar á kostnað varnaraðila, Íslandsbanka hf. eða Skipasmíðastöðvarinnar Drafnar hf.

Af hálfu sýslumannsins í Hafnarfirði er því haldið fram, að ekki sé um mistök að ræða, sem falli undir 27. gr. laga nr. 39/1978. Óumdeilt sé, að bréfið sé ófalsað og þeir, sem síðar öðluðust rétt samkvæmt bréfinu, hafi verið í góðri trú. Jafnframt er því haldið fram, að mál vegna þess vafa, sem leiki á um heimild Fjörúness hf. til veðsetningar, eigi heima á öðrum vettvangi. Með því að breyta ákvörðun þinglýsingarstjóra væri fyrir fram verið að fella ábyrgð á sýslumannsembættið vegna hugsanlegra, en þó ekki viðurkenndra veðsvika. Málið snúist á þessu stigi ekki nema að litlu leyti um formsatriði, og viðurkennt sé af öllum aðilum, að vissir formgallar hafi verið á skjalinu. Þinglýsingarvottorð í dag sé hins vegar eins rétt og það geti verið „miðað við forsögu málsins“, og ekki sé „rétt að breyta því, fyrr en Fjörúnesið hf. og Djúpbáturinn hf. hafa komið sínum málum á hreint“.

IV.

Niðurstaða.

Í máli þessu er sá ágreiningur með aðilum, hvort afmá beri úr þinglýsingabókum veðskuldabréf, út gefið af Fjörúnesi hf. til handhafa, upphaflega að fjárhæð 1.000.000 króna, sem hvílir á 3. veðrétti farþegaskipsins Fjörúness. Veðsetning þessi var ekki samþykkt af sóknaraðila, þinglýstum eiganda skipsins, en fékkst allt að einu þinglýst, þar sem þau mistök urðu við þinglýsingu, að kaupsamningi sóknaraðila og Fjörúness hf. var þinglýst á skipið sem afsali. Þau mistök hefur þinglýsingarstjórinn í Hafnarfirði leiðrétt, en með umdeildri ákvörðun hans frá 17. janúar 1995 var hafnað að afmá greint veðskuldabréf.

Með bréfi sóknaraðila til þinglýsingarstjóra, dags. 1. desember 1994, var þess krafist, að veðskuldabréf á 3. veðrétti yrði afmáð. Þinglýsingarstjóri synjaði þessarar kröfu, og var sú ákvörðun hans úrlausn á grundvelli 1. mgr. 27. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978. Verður því ekki fallist á frávisunarkröfu varnaraðila, Íslandsbanka hf. og Skipasmíðastöðvarinnar Drafnar hf., þar sem sóknaraðili hafi ekki neytt þeirra úrræða, sem lagagrein þessi veitir kost á.

Við úrlausn þinglýsingarmáls að hætti 3. gr. laga nr. 39/1978 er ekki litið til efnislegra atriða um réttindi að baki skjala. Því verður kröfu sóknaraðila ekki hafnað vegna tómlætis sóknaraðila eða ráðstafana á grundvelli riftunar kaupsamnings um skipið, en ekkert liggur fyrir í málinu um framgang hennar.

Með kaupsamningi sóknaraðila og Fjörúness hf., dags. 8. janúar 1993, um skipið Fjörúnes öðlaðist síðargreint félag eignarrétt yfir hinu selda, bundinn því skilyrði, að félagið fullnægði skilmálum samningsins. Á grundvelli þinglýsingar þessa samnings brast Fjörúnes hf. þinglýsta heimild án skrif-

legs samþykkis sóknaraðila til að ráðstafa skipinu með þeim hætti, sem gert var í veðskuldabréfi því, er mál þetta varðar, sbr. 1. mgr. 24. gr. og 1. mgr. 40. gr. laga nr. 39/1978. Á hinn bóginn gat Fjörunes hf. ráðstafað sínum skilyrta rétti yfir skipinu, og sá réttur er einnig andlag fullnustugerðar lánardrottna félagsins, enda sé í hvívetna gætt betri réttar sóknaraðila. Að því virtu verður ekki fallist á kröfu sóknaraðila um, að skuldabréfið verði afmáð, en skrá ber athugasemd á eignina um, að samþykki sóknaraðila skorti, sbr. 3. mgr. 7. gr. laga nr. 39/1978 i. f. Þjónar slíkt sama tilgangi og fyrirvari í skjalinu sjálfu um betri rétt sóknaraðila. Þessi niðurstaða fær ekki raskað þeim rétti, en tryggir veð núverandi eiganda veðskuldabréfsins, varnaraðila Íslandsbanka hf., í rétti Fjörunes hf. samkvæmt kaupsamningi um eignina.

Það athugast, að þinglýsingarstjóri færði röksemdir fyrir niðurstöðu ákvörðunar sinnar frá 17. janúar 1995, sem um er deilt í máli þessu. Þá gat þinglýsingarstjóri sent dómara athugasemdir sínar, sbr. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 39/1978. Eins og mál þetta er vaxið, var óþarft, að þinglýsingarstjóri léti málið sig varða með þeim hætti að hafa uppi kröfur í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Benedikt Bogason dómarafulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Hafnað er kröfu sóknaraðila, Djúpbátsins hf., um, að afmáð verði úr skipabók veðskuldabréf, út gefið 28. maí 1993, af Fjörunesi hf. til handhafa, upphaflega að fjárhæð 1.000.000 króna, tryggt með 3. veðrétti í farþegaskipinu Fjörunesi, en skrá skal athugasemd á eignina um, að sóknaraðili hafi ekki samþykkt veðsetninguna.

Málskostnaður í millum aðila fellur niður.